



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 23. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 4. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. APRÍL 2016

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 7. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, lokaskýrslu starfshóp sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2015: Fyrri umræða.
2. KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2015.  
-liggur frammi á fundinum-
3. Tillaga að afskriftum.
4. KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra, stjórnsýsluskoðun.
5. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um hæfisskilyrði leiðsögumanna.
6. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um lögheimili.
7. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um málefni aldraðra (réttur til sambúðar á stofnunum).
8. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).
9. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr notkun á skaðlegum efnum á neysluvörum.
10. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Kæra vegna byggingarleyfis og efnistöku fyrir hótélbyggingu í Kerlingarfjöllum.
11. Yfirfasteignamatnefnd: Umsagnarbeiðni.
12. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna endurnýjun rekstrarleyfis á Menelik Ethiopian Restaurant.
13. Samstarfssamningur um umsjón á sameiginlegu seyrusvæði Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps
14. Hagstofa Íslands: Mannfjöldatölur.
15. Skóla- og velferðarþjónusta Árnassýslu: Náms- og starfsráðgjafi í Uppsveitum og Flóa.
16. Framlenging og viðauki á verksamningi um afsetningu á seyru í Hrunamannahreppi.
17. Framlenging á verksamningi um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi.
18. Skólanefnd: Formaður skólanefndar vegna Undralands.
19. Aðalskipulag Bláskógabyggðar: Umsagnarbeiðni.
20. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Ósk um niðurfellingu á fasteignagjöldum.
21. Samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.
22. Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

23. Starfsnefnd um uppbyggingu íþróttasvæðis: Fundargerð 2. fundar frá 22. mars s.l.
24. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 31. mars s.l.
25. Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 31. mars s.l.  
-liggur frammi á fundinum-
26. Veitustjórn: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 29. mars s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

27. Fundargerð 106. fundar Skipulagsnefndar frá 10. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 2. mars s.l.  
Mál nr. 13: Holtabyggð 110: Syðra-Langholt IV: Deiliskipulagsbreyting  
Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingafulltrúa
28. Fundargerð 107. fundar Skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. mars s.l.  
Mál nr. 6: Þórarinsstaðir 166842: Stofnun lóðar Þórarinsstaðir 2 1603027.  
Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingafulltrúa
29. Stjórn Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 34. fundar stjórnar frá 10. mars 2016.
30. Stjórn Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 35. fundar stjórnar frá 23. mars 2016.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 2. fundur stjórnar frá 24. febrúar 2016.
- b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 3. fundur stjórnar frá 30. mars 2016.
- c. Byggðasamlagið Bergrisinn bs: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 3. mars s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 170. fundar stjórnar frá 4. mars s.l.
- e. SASS: Fundargerð 506. fundar stjórnar frá 4. mars s.l.
- f. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 176. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árneseinga frá 4. mars s.l.

**Kynningarmál:**

- g. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Flokkun baðstaða í náttúrunni.
- h. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 24. stjórnarfundar frá 14. mars s.l.
- i. Samtök orkusveitarfélaga: Ársskýrsla og ársreikningur 2015.
- j. Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps.
- k. Kerlingarfjöll: Verkefni sem falla undir uppgjör leigugreiðslu sumarið 2016.
- l. Útdeiling á Skipulags- og byggingafulltrúaembætti Uppsveita bs. 2015.
- m. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 835. fundar stjórnar frá 29. janúar s.l.
- n. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 836. fundar stjórnar frá 26. febrúar s.l.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 837. fundar stjórnar frá 18. mars s.l.
- p. Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársskýrsla og ársreikningur 2015.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga, þingsályktunartillaga um bann við notkun gúmmíkurls úr dekkjum á ípróttavelli.
- r. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga: Upplýsingar um ráðgjafapjónustu SASS.

**Fundir framundan:**

- s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 8. apríl nk.
- t. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2016 þann 8. apríl nk.
- u. Rammaáætlun: Kynningarfundur um drög að tillögu verkefnisstjórnar þann 7. apríl nk.
- v. Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands þann 12. apríl nk.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- w. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Stöðuskýrsla um ört vaxandi umfang sjúkraflutninga á Suðurlandi árin 2011-2015.

**Gengið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2015: Fyrri umræða.**  
Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið. Lagður var fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2015, ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi, kynnti helstu kennitölur ársreikningsins og svaraði fyrirspurnum. Afgreiðslu vísað til næsta fundar sveitarstjórnar.
2. **KPMG: Endurskoðunarskýrsla 2015.**  
Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, fór yfir framlagða endurskoðunarskýrslu KPMG fyrir árið 2015.

3. **Tillaga að afskriftum.**  
Oddviti lagði fram tillögu að afskriftum á kröfum Hrunamannahrepps samtals að fjárhæð kr. 1.406.784. Tillagan var unnin af hálfu endurskoðanda sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að afskrifa kröfur að fjárhæð kr. 1.406.784.
4. **KPMG: Skýrsla til sveitarstjóra, stjórnarsýsluskoðun.**  
Oddviti kynnti skýrslu til sveitarstjóra frá KPMG vegna árlegrar stjórnarsýsluskoðunar.
5. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um hæfisskilyrði leiðsögumanna.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um hæfisskilyrði leiðsögumanna.
6. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um lögheimili.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um lögheimili.
7. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um málefni aldraðra (réttur til sambúðar á stofnunum).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um málefni aldraðra.
8. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu.
9. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr notkun á skaðlegum efnum á neysluvörum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr notkun á skaðlegum efnum á neysluvörum.
10. **Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Kæra vegna byggingarleyfis og efnistöku fyrir hótélbyggingu í Kerlingarfjöllum.**  
Oddviti kynnti bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna kæru Landverndar til nefndarinnar vegna útgáfu byggingarleyfis á hótélbyggingu í Ásgarði í Kerlingarfjöllum og efnistöku vegna sömu byggingar. Þá liggur einnig fyrir svarbréf lögmanns sveitarfélagsins vegna kröfu um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.  
Sveitarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með framkomu Landverndar í þessu máli. Sveitarfélagið er að vinna með ýmsu móti að samspili verndunar og nýtingar Kerlingarfjallasvæðisins. Verið er að friðlýsa Kerlingarfjallasvæðið til að ganga enn lengra varðandi friðun og verndun svæðisins og afmarka notkun þess. Framkomin kæra Landverndar virðist vera til þess eins fallin að valda sveitarfélaginu og hagsmunaaðilum á svæðinu tjóni þó mál séu þar unnin í samræmi við svæðisskipulag miðhálandisins, landskipulagsstefnu, aðalskipulag Hrunamannahrepps, deiliskipulag svæðisins, lóðaleigusamninga sem gilda varðandi starfssemi svæðisins og úrskurð Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu framkvæmda. Sveitarstjórn samþykkir að fela lögmanni sveitarfélagsins að svara erindi Úrskurðarnefndarinnar og hafna alfarið kröfum Landverndar.
11. **Yfirfasteignamatsnefnd: Umsagnarbeiðni.**  
Varaoddviti kynnti umsagnarbeiðni um endurskoðun fasteignamats vegna íbúðarhúss í Birtingaholti 1. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við beiðni fasteignareiganda um endurskoðun matsins til hækkunar. Ragnar vikur sæti við meðferð og afgreiðslu
12. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna endurnýjun rekstrarleyfis á Menelik Ethiopian Restaurant.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Menelik Ethiopian Restaurant. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni.

13. **Samstarfssamningur um umsjón á sameiginlegu seyrusvæði Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.**  
Oddviti kynnti samstarfssamning um umsjón seyrusvæðis Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps. Samningurinn felur í sér að Hrunamannahreppur sjái um framkvæmd og umsjón seyrusvæðisins á Flúðum og afsetningu á seyru. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
14. **Hagstofa Íslands: Mannfjöldatölur.**  
Oddviti kynnti mannfjöldatölur frá Hagstofu Íslands. Íbúar Hrunamannahrepps voru þann 1. janúar 2016 807 talsins. Þar af eru 378 konur og 429 karlar.
15. **Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Náms- og starfsráðgjafi í Uppsveitum og Flóa.**  
Oddviti kynnti tillögu frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls um ráðningu náms- og starfsráðgjafa í grunnskóla í Uppsveitum og Flóa. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu en gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þess rúmist innan fjárhagsáætlunar Flúðaskóla.
16. **Framlenging og viðauki á verksamningi um afsetningu á seyru í Hrunamannahreppi.**  
Oddviti fór yfir samning við Landtak ehf um afsetningu seyru í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að nýta sér heimild í núgildandi samningi til að framlengja samninginn um þrjú ár og felur sveitarstjóra að ganga frá framlengingunni og viðauka við samninginn.
17. **Framlenging á verksamningi um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi.**  
Oddviti fór yfir samning við Holræsa- og stíflubjónustu Suðurlands ehf um tæmingu rotþróa í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að nýta sér heimild í núgildandi samningi til að framlengja samninginn um eitt ár og felur sveitarstjóra að ganga frá framlengingunni.
18. **Skólanefnd: Formaður skólanefndar.**  
Oddviti kynnti bréf frá Helga Jóhannessyni formanni skólanefndar þar sem hann óskar eftir að stíga til hliðar í störfum skólanefndar þar sem kona hans hefur hafið störf sem leikskólastjóri. Sveitarstjórn samþykkir að Bjarney Vignisdóttir verði formaður skólanefndar, Vigdís Furuseð taki sæti í skólanefnd og Sigurður Sigurjónsson verði varamaður í skólanefnd. Sveitarstjórn þakkar Helga fyrir vel unnin störf.
19. **Aðalskipulag Bláskógabyggðar: Umsagnarbeiðni.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. vegna endurskoðun á aðalskipulagi Bláskógarbyggðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.
20. **Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna: Ósk um niðurfellingu á fasteignagjöldum.**  
Oddviti kynnti bréf frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignargjöldum fyrir árið 2016 vegna sumarþustaðar í Heiðarbyggð 3 C. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja starfssemi Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna sem nemur 50% af almennum fasteignaskatti af fasteigninni Heiðarbyggð 3 C fyrir árið 2016
21. **Samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs.**  
Oddviti kynnti tillögu að breyttum samþykktum fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Aðalbreytingin er sú að til verður til nýtt svið umhverfis- og tæknimála í byggðasamlaginu. Sveitarstjórn samþykkir samþykktir fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs og felur oddvita/sveitarstjóra að undirrita þær.
22. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**  
Ákveðið að næsti fundur sveitarstjórnar verði mánudaginn 9. maí kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

23. **Starfsnefnd um uppbyggingu íþróttasvæðis: Fundargerð 2. fundar frá 22. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð starfsnefndar um uppbyggingu íþróttasvæðis í Hrunamannahreppi. Þar var farið yfir stöðu mála en lagt var til að ráðist verði í heildarhönnun á svæðinu þ.e. aðstöðubyggingu, sundlaugarsvæði og íþróttavöll á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að fela Tæknisviði Uppsveita að byrja vinnu við heildarhönnun á uppbyggingu íþróttasvæðis á Flúðum. Jafnframt samþykkir

sveitarstjórn að fara út í nauðsynlegar framkvæmdir við framræslu og mótun svæðisins í samræmi við tillögur nefndarinnar.

**24. Skólanefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 31. mars s.l.**

Oddviti kynnt fundargerð 10. fundar skólanefndar vegna Undralands. Þar var farið yfir starfsmannamál og rekstrarniðurstöður fyrir árið 2015. Elsa Ingjaldsdóttir var skipuð í hóp sem fulltrúi skólanefndar sem á að skerpa á starfsmannahandbók leikskólans og móta verklagsreglur er lúta að bættu skipulagi innra starfs, starfsánægju og skyldum starfsfólks og stjórnenda. Einnig var Halldóru Halldórsdóttur þökkuð vel unnin störf og henni óskað velfarnaðar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og tekur undir þakkir til Halldóru fyrir vel unnin störf.

**25. Skólanefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 31. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar skólanefndar. Þar var farið yfir skýrslu skólastjóra. Farið var fyrir rekstur ársins 2015, fundargerð Ungmennaráðs og þau málefni sem snúa að skólanum. Guðrún kynnti einnig vinnu starfsfólks um úttekt á framkvæmd skólafestu. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**26. Veitustjórn: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 29. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar stjórnar þar sem farið var yfir skattamál Hitaveitunnar og ársreikning Hitaveitu Flúða 2015. Farið var yfir formlegt erindi frá forsvarsmönnum Lagoon Hotels ehf um kostnað við stofngjöld, kaup á heitu og köldu vatni og kostnað vegna fráveitu. Kynnt var ljósleiðaraskýrsla og lögð fram til kynningar frumvörp um breytingar á lögum um vatnsveitur og fráveitur. Farið var yfir stöðu Kópsvatnsholunnar og starfsmannamál en Lilja Helgadóttir snýr aftur til starfa í sumar á skrifstofunni og Óskar Rafn Emilsson var ráðinn í starf hjá hitaveitu og áhaldahúsi. Á fundinn mætti Hannibal Kjartansson, veitustjóri til að fara yfir minnisblað sem unnið var vegna beiðni Lagoon Hotels ehf um kaup á þjónustu en minnisblaðið er skoðað sem trúnaðarmál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og felur jafnframt oddvita, sveitarstjóra, veitustjóra og formanni veitustjórnar að funda með forsvarsmönnum Lagoon Hotels ehf.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

**27. Fundargerð 106. fundar Skipulagsnefndar frá 10. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 2. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 106. fundar skipulagsnefndar frá 10. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 13: Holtabyggð 110: Syðra-Langholt IV: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram umsókn eigenda um breytingu á deiliskipulagi sem felst í minniháttar tilfærslu á byggingarreitum lóðarinnar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar um að um óverulega breytingu á deiliskipulagi sé að ræða og samþykkir deiliskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er gert ráð fyrir grenndarkynningu.

Mál nr. 15: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 2. mars s.l.

**28. Fundargerð 107. fundar Skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. mars s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 107. fundar Skipulagsnefndar frá 23. mars s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 6: Þórarinsstaðir. Stofnun lóðar Þórarinsstaðir 2.

Lögð fram umsókn um stofnun 3.089 fm lóðar úr landi Þórarinsstaða og mun lóðin heita Þórarinsstaðir 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að stofna lóðina og gerir ekki athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 13: Afgreiðslur byggingafulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 16. mars s.l.

**29. Stjórn Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 34. fundar stjórnar frá 10. mars 2016.**

Oddviti kynnti fundargerð 34. fundar stjórnar. Þar var farið yfir starfsmannamál og samþykkt að ráða Stefán Short til eins árs til að fara yfir eldri byggingarleyfi o.fl og Sigrúnu Elínu Birgisdóttur í starf ritara. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**30. Stjórn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs: Fundargerð 35. fundar stjórnar frá 23. mars 2016.**

Oddviti kynnti fundargerð 35. fundar stjórnar. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun 2016 fyrir sameinað embætti og kynntar tillögur að samþykktum fyrir sameinað embætti. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2016 fyrir sameinað embætti byggðasamlagsins.

**Önnur mál:**

**31. Lokaskýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um stefnumótun í úrgangsmálum.**

Oddviti kynnti lokaskýrslu starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum en óskað var eftir umsögn um tillögur sem lagðar eru til að verði stefna sambandsins í úrgangsmálum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 2. fundur stjórnar frá 24. febrúar 2016.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 3. fundur stjórnar frá 30. mars 2016.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Byggðasamlagið Bergrisinn bs: Fundargerð 17. fundar stjórnar frá 3. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 170. fundar stjórnar frá 4. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **SASS: Fundargerð 506. fundar stjórnar frá 4. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- f. **Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 176. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árneseinga frá 4. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- g. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Flokkun baðstaða í náttúrunni.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 24. stjórnarfundar frá 14. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Samtök orkusveitarfélaga: Ársskýrsla og ársreikningur 2015.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Jafnréttisstofa: Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Kerlingarfjöll: Verkefni sem falla undir uppgjör leigugreiðslu sumarið 2016.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Útdeiling á Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Uppsveita bs. 2015.** Lagt fram til kynningar.
- m. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 835. fundar stjórnar frá 29. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 836. fundar stjórnar frá 26. febrúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- o. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 837. fundar stjórnar frá 18. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Reiðhöllin Flúðum ehf: Ársskýrsla og ársreikningur 2015.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Samband íslenskra sveitarfélaga, þingsályktunartillaga um bann við notkun gúmmíkurlis úr dekkjum á íþróttavelli.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga: Upplýsingar um ráðgjafabþjónustu SASS.** Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- s. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 8. apríl nk.** Lagt fram til kynningar.
- t. **Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2016 þann 8. apríl nk.** Lagt fram til kynningar.
- u. **Rammaáætlun: Kynningarfundur um drög að tillögu verkefnisstjórnar þann 7. apríl nk.** Lagt fram til kynningar.

- v. Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands þann 12. apríl nk.** Lagt fram til kynningar.
- w. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.**  
Kynnt var að aðalfundur skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. verði haldinn þann 25. apríl nk. í Aratungu.
- x. Héraðsnefnd Árnesinga.**  
Kynnt var að vofundur Héraðsnefndar Árnesinga verði haldinn þann 27. apríl nk. í Vatnsholti í Flóa.

**Skýrslur á skrifstofu:**

**y. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Stöðuskýrsla um ört vaxandi umfang sjúkraflutninga á Suðurlandi árin 2011-2015.**

Sveitarstjórn lýsir áhyggjum af stöðu mála vegna skorts á fjármagni til sjúkraflutninga á Suðurlandi eins og fram kemur í skýrslunni. Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn vegna aukins álags á heilbrigðiskerfið m.a. vegna fjölgunar ferðamanna á Suðurlandi.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.18.25.**